



Reykjavík 13. október 2022

Velferðarnefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðingu neysluskammta).

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga tekur hér með heils hugar undir frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr.65/1974, um afglæpavæðingu neysluskammta.

Fíh vísar í fyrri umsögn um sama efni dagsetta 30. janúar 2021 þar sem meðal annars fram kemur að frumvarpið boðar skref í átt að því að meðhöndla skuli vanda vímuefnanotenda í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en dómskerfinu. Refsistefna eykur á jaðarsetningu og takmarkar möguleika einstaklinga á bata, bæði hvað varðar líkamlegt heilbrigði og samfélagslega þátttöku. Með því að afglæpavæða meðferð og vörslu vímuefna í skammtastærðum sem ætlaðar eru til eigin nota er tekið mikilvægt lýðheilsuskref, sem getur aukið jákvæða heilsufarslega útkomu, líkt og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna getur um. Þá fagnar stjórn Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga umfjöllun um lögleiðingu í frumvarpinu þar sem afglæpavæðing ein og sér dugar ekki til að tryggja séu lýðheilsa og mannréttindi einstaklinga sem eru hvað jaðarsettastir í samfélaginu. Það þarf að leita allra leiða til að draga úr jaðarsetningu og fækka þröskuldum að heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Líkt og í fyrri umsögn ítrekar stjórn Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga mikilvægi þess að áformin verði innleidd sem hluti af opinberri stefnu málaflokksins, bæði hvað varðar áfengis- og vímuefnavarnir en líka heimilisleysi.

Til viðbótar skal áréttað að hugmyndafræði skaðaminnkunar hefur sterka skírskotun til lýðheilsufræða og mannréttinda. Kjarni hugmyndafræðinnar er að draga úr þeim skaðlegu áhrifum sem vímuefnanotkun getur haft á notandann, aðstandendur og samfélagið

Að lokum vill stjórn Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga leggja áherslu á fyrri umsögn og ítreka að félagið býður fram sérþekkingu sinna félagsmanna sem nálgast málefnið heildrænt og eru reiðubúnir til að vera til ráðgjafar um áformin.

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fagdeildar geðhjúkrunarfræðinga

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga